

Bæjarstjórn - 1813

FUNDARBOÐ

**1813. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 17. október 2018 og
hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1809511 - Daggarvellir, 4b, fastanr. 226-8694, kauptilboð

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 9.október sl.
Lagt fram kauptilboð í íbúð að Daggarvöllum 4b.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi kauptilboð sveitarfélagsins í íbúð að
Daggarvöllum 4b og vísar til afgreiðslu í bæjarstjórn.

2. 1809092 - Malarskarð 22, umsókn um lóð,

8.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 9.október sl.
Lagður fram tölvupóstur frá lóðarhöfum að Malarskarði 22 þar sem fram kemur að
óskað er eftir að afsala sér lóðarúthlutun á lóðinni.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi ósk lóðarhafa um að þau afsali sér lóðaúthlutun
og vísar til afgreiðslu í bæjarstjórn.

3. 1610306 - Öldugata 45, lóðarumsókn, úthlutun

9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 9.október sl.
Lagt fram bréf frá Þroskahjálps dags. 9.jan.sl. ósk um skil á lóðinni Öldugötu 45
fyrir íbúðakjarna.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi ósk lóðarhafa á lóðinni Öldugötu 45 um að hann
afsali sér lóðaúthlutun og vísar til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Bæjarfulltrúi Bæjarlistans óskar bókað:

Minnt er á tillögu undirritaðrar frá bæjarstjórnarfundi 20. júní, svohljóðandi:
"Stefnumótun í búsetumálum fatlaðra Farið verði í heildstæða stefnumótun í
samráði við notendur um framtíðarfyrirkomulag búsetumála fatlaðs fólks í
sveitarfélaginu, meðal annars með tilliti til þjónustu í eigin húsnæði. Farið verði yfir
kosti og galla ólíkra búsetuúrræða og þarfagreining gerð á hverju úrræði fyrir sig.
Niðurstöður vinnunnar verði hluti af húsnæðisstefnu Hafnarfjarðarbæjar, sem nú
er í vinnslu."

Óskað er eftir að málið verði tekið til skoðunar í vinnu við húsnæðisstefnu.

Guðlaug S Kristjánsdóttir

bæjarfulltrúi Hafnarfjarðarbæ

4. 1809509 - Öldugata 45, íbúðakjarni

10.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 9.október sl.

Lögð fram umsókn frá Arnarhrauni 50 íbúðafélagi hses um lóðina Öldugötu 45 til byggingar búsetukjarna fyrir fatlað fólk.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi umsókn um lóðina Öldugötu 45 og vísar til afgreiðslu í bæjarstjórn.

5. 1803100 - Leikskólar, gjaldskrá

4.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 10.október sl.

Lagt fram að nýju til samþykktar.

3.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 26.september sl.

Gjaldskrá lögð fram til samþykktar.

Fræðsluráð leggur til að bæjarstjórn samþykki afslátt til leikskólagjalda og greiðslur til dagforeldra og tekjuviðmið.

Til máls tekur Kristín María Thoroddsen.

Einnig tekur til máls Guðlaug Kristjánsdóttir og leggur til að svohljóðandi breyting verði gerð á fyrirbyggjandi gjaldskrá:

Bæjarfulltrúi Bæjarlistans leggur til að skilyrðið fyrir niðurgreiðslu kostnaðar vegna dagforeldra, sem lýtur að töku fæðingarorlofs verði felld brott. Orðin "og hafi lokið hámarks fæðingarorlofi" verði felld brott.

Rökstuðningur: Taka fæðingarorlofs ætti ekki að vera skilyrði af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, enda um að ræða áunnin réttindi á vinnumarkaði og almennt tekjulága einstaklinga.

Til andsvars við ræðu Guðlaugar kemur Kristín María Thoroddsen. Guðlaug svarar næst andsvari.

Næst til máls tekur Adda María Jóhannsdóttir. Til andsvars kemur Kristín María Thoroddsen og leggur til að málinu verði vísað aftur til fræðsluráðs til frekari skoðunar. Adda María Jóhannsdóttir svarar andsvari.

Til máls tekur Friðþjófur Helgi Karlsson. Til andsvars kemur Kristín María Thoroddsen.

Til máls öðru sinni tekur Guðlaug Kristjánsdóttir. Til andsvars kemur Ólafur Ingi Tómasson. Einnig til andsvars kemur Adda María Jóhannsdóttir og næst Kristín María Thoroddsen. Þá svarar Guðlaug Kristjánsdóttir andsvari.

Forseti beri upp framkomna tillögu um að vísa málinu til fræðsluráðs og er tillagan samþykkt með 11 samhljóða atkvæðum

Fræðsluráð leggur til að bæjarstjórn staðfesti samþykkt ráðsins um reglur um dagforeldra með umræddum breytingum í lið 2a og lið 6. Jafnframt heimilar fræðsluráð fræðsluviði að setja sér reglur um skilgreiningu á systkinum.

Samþykkt með 4 atkvæðum, fulltrúi Samfylkingarinnar sat hjá.

6. 1509727 - Íþróttafélög, þjónustusamningur

Lagt fram svar við fyrirspurn.

3. liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 3.október sl.

15.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 19.september sl.

Lagt fram svar við fyrirspurn.

6.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 5.sept. sl.

Lagt fram svar við fyrirspurnum.

3.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 15.ágúst sl.

Til máls tekur Adda María Jóhannsdóttir. Einnig tekur til máls Guðlaug Kristjánsdóttir. Til andsvars kemur bæjarstjóri Rósa Guðbjartsdóttir. Guðlaug Kristjánsdóttir svarar andsvári. Til andsvars öðru sinni kemur Rósa Guðbjartsdóttir og Guðlaug Kristjánsdóttir svarar andsvári öðru sinni.

Til máls öðru sinni tekur Adda María Jóhannsdóttir. Til andsvars kemur bæjarstjóri Rósa Guðbjartsdóttir. Adda María Jóhannsdóttir svarar andsvári.

Guðlaug Kristjánsdóttir tekur máls og kemur að eftirfarandi fyrirspurnum:

Sveitarstjórnarlög kveða meðal annars á um ábyrga meðferð bæjarfulltrúa á fjármunum sveitarfélagsins en í 65 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 segir m.a. eftirfarandi: „Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti...“

Eitt af þeim húsum á Kaplakrika sem nú er fyrirhugað að kaupa (íþróttahús) er talið hafa verið gefið FH af bæjarstjórn árið 1989. Samkvæmt samkomulagi sem gert var þar um var gert ráð fyrir að ýmis skilyrði yrðu uppfyllt frá og með árinu 2005, sem virðist síðan ekki hafa verið gert. Hinn eiginlegi gjafagjörningur hefur þannig ekki farið fram og er húseignin enn færð sem eign bæjarsjóðs í bókum sveitarfélagsins, að 80% hluta. Ljóst er miðað við það að hinn meinti gjafagjörningur hefur ekki verið gjaldfærður í bókum bæjarins. Komi til þess nú að bærinn kaupir húsnæðið að fullu þarf m.a. að gjaldfæra gjafagjörninginn.

Gangi ætlan meirihlutans eftir í þessu máli óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta svara við því hvernig ætlunin sé að mæta útgjöldum vegna þessa meinta gjafagjörnings upp á hundruð milljóna króna í ársreikningi sveitarfélagsins 2018 þannig að ekki verði halli á rekstri A hluta bæjarsjóðs. Einnig er óskað svara við því hvernig þessi fyrirhuguðu kaup á eigin eign eru talin samræmast 65. gr. sveitarstjórnarlaga um ábyrga meðferð fjármuna sveitarfélagsins. Svára er óskað eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar

Samkvæmt upplýsingum frá fyrrverandi forseta bæjarstjórnar var utanaðkomandi lögfræðingur að vinna að minnisblaði varðandi framangreint samkomulag við FH í lok síðasta kjörtímabils fyrir sveitarfélagið.

Með vísan til þess óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir að þetta minnisblað verði lagt fram, eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

Adda María Jóhannsdóttir
Bjarney Grendal Jóhannsdóttir
Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir
Jón Ingi Hákonarson
Sigrún Sverrisdóttir

Til máls tekur Adda María Jóhannsdóttir.

Einnig tekur til máls Guðlaug Kristjánsdóttir. Ingi Tómason kemur upp í andsvar við ræðu Guðlaugar. Guðlaug svarar andsvari. Ingi kemur að andsvari öðru sinni. Guðlaug svarar andsvari öðru sinni. Ingi kemur að stuttri athugasemd.

Adda María kemur að svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Bæjarlistans og Viðreisnar gera athugasemd við það svar sem gefið er við framlagðri fyrirspurn sem segir að færslan hafi ekki áhrif á sjóðsstreymi. Fyrirspurnin varðaði rekstur A-hluta bæjarsjóðs enda hlýtur bakfært virði 80% hlutar Hafnarfjarðarbæjar að koma einhvers staðar fram í bókhaldi sveitarfélagsins. Sömuleiðis hlýtur það þá að hafa áhrif rekstrarniðurstöðu ársins. Því ítrekum við fyrirspurn okkar varðandi það hvaða áhrif sá bókhaldsgjörningur að fullnusta gjafagjörning á hlut bæjarins í íþróttahúsi í Kaplakrika hafi á rekstur A hluta bæjarsjóðs.

Til máls tekur Guðlaug Kristjánsdóttir. Einnig Adda María Jóhannsdóttir. Þá kemur Guðlaug Kristjánsdóttir að svohljóðandi bókun:

Bæjarfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Bæjarlista lýsa furðu á því að vinnsla svara við fyrirspurnum sem legið hafa fyrir vikum saman í málakerfi bæjarins sé ekki lengra komin en raun ber vitni. Að hluta til er um ítrekun þegar framlagðra spurninga að ræða, að hluta til eftirfylgni við fyrri svör. Hér með er þessi fyrirspurn ítrekuð í þriðja sinn og svara vænst án tafa á næsta fundi bæjarstjórnar.

Til máls tekur Adda María Jóhannsdóttir. Einnig tekur til máls Guðlaug Kristjánsdóttir og kemur að svohljóðandi bókun:

Undirrituð þakkar fyrir svar fjármálastjóra.

Um er að ræða 80% eignarhlut í parkethúsi að Kaplakrika sem í bókum bæjarins er metið á 92 milljónir, en fasteignamat er mun hærra.

Áætluð rekstrarniðurstaða A-hluta bæjarsjóðs eru 154 milljónir, sem þýðir að ef eignarmat á eignarhlut bæjarins væri í samræmi við fasteignamat færi A sjóður í mínus. Um það snerist fyrirspurnin í upphafi.

Einnig ítrekar bæjarfulltrúi Bæjarlistans þá staðreynd að lagalegur vafi leikur á réttmæti gjafagjörnings af þessu tagi, þ.e. hvort bær má gefa húseign úr safni sínu, samanber framlagt minnisblað Andra Árnasonar lögmanns.

Adda María kemur einnig að svohljóðandi bókun fyrir hönd fulltrúa Samfylkingar:

Hér liggur loksins fyrir svar við fyrirspurn sem fulltrúar flokka sem skipa minnihluta bæjarstjórnar lögðu fram þann 15. ágúst sl. Með svarinu fæst staðfesting á því að það að gjaldfæra nú gjafagjörning á 80% hluta bæjarins í íþróttahúsi í Kaplakrika hafi neikvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins.

Í framlögðum svörum hefur ítrekað verið vísað í að bókfært virði íþróttahússins sé 92 milljónir króna. Í gögnum er hins vegar að finna verðmat á íþróttahúsinu frá 2017 þar sem söluverð þess er metið yfir 425 milljónir. Í ljósi þess óska fulltrúar Samfylkingar svara við því, eigi síðar en á næsta fundi bæjarstjórnar, hvort ekki eigi að framreikna virði eignarinnar og vinna út frá því við skiptingu eigna í Kaplakrika?

Adda María Jóhannsdóttir
Friðþjófur Helgi Karlsson

7. 1808352 - Leikskólamáli í Suðurbæ

Tillaga áður flutt á fundi bæjarstjórnar 20.júní sl., óskað eftir afgreiðslu. Eftir lokun á starfsstöð Brekkuhvammis við Hlíðarbraut (Kató) hefur verið skortur á leikskólaláttum í Suðurbæ. Fulltrúar Samfylkingar leggja til að nú þegar verði hafist handa við undirbúning á byggingu leikskóla við Öldugötu eins og gert er ráð fyrir í deiliskipulagi. Þá leggjum við einnig til að tekið verði til skoðunar að opna ungbarnaleikskóla í Kató. Byggingin hefur staðið auð frá því að leikskólanum var lokað og lítið ætti að vera því til fyrirstöðu að hefja starfsemi þar á ný.

8. 1708692 - Strætó bs, aukin þjónusta, næturakstur og fleira

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar beinir því til stjórnar Strætó bs. að haldið verði áfram með næturakstur um helgar og að leitað verði leiða til að bæta þjónustuna enn frekar.

Greinargerð:

Í byrjun árs hóf Strætó tilraunaverkefni með næturakstur um helgar á völdum leiðum, m.a. á leið 101 sem gengur til Hafnarfjarðar. Tilraunaverkefnið var til eins árs og rennur að óbreyttu út nú um áramót. Stjórn Strætó mun á næstunni taka afstöðu til þess hvort og þá með hvaða hætti þjónustan haldi áfram.

Að sögn framkvæmdastjóra og upplýsingafullrúa Strætó bs. hefur notkun þjónustunnar verið undir væntingum. Það er álit bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að þjónustan þurfi bæði meiri tíma og betri kynningu til að hún festi sig í sessi. Þá telur bæjarstjórn að markmiðum um meiri notkun megi einnig ná með því að bæta þjónustuna enn frekar.

Leið 101, sú sem gengur úr miðbæ Reykjavíkur til Hafnarfjarðar sker sig úr er notkun varðar, en á þeirri leið hefur nýtingin verið um 20%. Bæjarstjórn telur ljóst að eftirspurn sé til staðar eftir næturakstri til Hafnarfjarðar og að hægt sé að auka nýtingu á þessari leið enn frekar með betri kynningu og bættri þjónustu.

Næturstrætó er þjónusta sem ungt fólk í Hafnarfirði hefur kallað eftir. Greiðar og áreiðanlegar almenningssamgöngur eru lykilatriði í því að gera Hafnarfjörð að samkeppnishæfum bæ, sérstaklega fyrir ungt fólk. Af þessum ástæðum vill bæjarstjórn Hafnarfjarðar að næturþjónustu Strætó verði haldið áfram og hún bætt enn frekar.

9. 1804530 - Kveikjan, frumkvöðlasetur Hafnarfirði

Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn:

Hafnarfjarðarbær og Nýsköpunarmiðstöð Íslands hafa haft gott samstarf undanfarin ár og starfrækt Kveikjuna frumkvöðlasetur. Samningur aðilanna rann út nú í vor og hefur ekki verið endurnýjaður.

Hver er staðan á þessu samstarfi?

Hefur Hafnarfjarðarbær vilja til að endurnýja samstarfið?

10. 1810178 - Ólögleg búseta, fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn.

Fundargerðir

11. 1801218 - Fundargerðir 2018, til kynningar í bæjarstjórn.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 10.október sl.
a. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 21.sept. og 3.okt. sl.
Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 9.október sl.
Fundargerð fræðsluráðs frá 10.október sl.
a. Fundargerð íprótta- og tómstundanefndar frá 3.október sl.
Fundargerð fjölskylduráðs frá 5.október sl.
Fundargerð bæjarráðs frá 9.október sl.
a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 3.október sl.
b. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 24.september sl.
c. Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 26.september sl.
d. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 21.sept. og 3.okt.sl.
Fundargerð forsetanefndar frá 15.október sl.

15.10.2018

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri